

Alþingi
Erindi nr. P 140/59
komudagur 9.11.2011

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um þingályktun um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi, 7. mál.

Í tillögu til þingályktunar um eflingu græna hagkerfisins á Íslandi er ítarlega farið yfir helstu áherslur til að Ísland geti skipað sér í fremstu röð sem grænt hagkerfi á alþjóðlegum vettvangi.

Landssamtök skógareigenda sakna þess að í ítarlegri samantekt í þessari þingsályktunartillögu skuli ekki vera minnst á skógrækt sem vænlega leið að settu marki. Fáar greinar innan ísl. hagkerfis nýta betur sólarorku, vatn og jörð til verðmætasköpunar og þar af leiðandi er ein af mest umhverfisvænum fjárfestingarleiðum hér á landi.

Bent er á að nú þegar eru ræktaðir nytjaskógar á u.þ.b. 600 lögbýlum á landinu öllu og gert er ráð fyrir að árið 2020 verði ræktaður skógur í atvinnuskyni á yfir eitt þúsund lögbýlum á Íslandi og ársverk í skógrækt á þessum býlum orðin allt að 300. Skógurinn mun auk þess hafa jákvæð áhrif á veðurfar og umhverfi með skjólmyndun, bættri vatnsmiðlun og vernd jarðvegs gegn rofi, auk kolefnisbindingar.

Gera má ráð fyrir að í framtíðinni verði til öflug atvinnugrein í landinu sem sér um ræktun nytja- og landbótaskóga og skjólbeltarækt fyrir ríki, sveitarfélög, félagasamtök, fyrirtæki og einstaklinga. Þannig verði til hagkvæm landnýting til eflingar íslensku atvinnulífi sem mun stuðla að öflugri hráefnismyndun sem mun skila sér í úrvinnslu skógarafurða og verðmætasköpun og efla um leið grænt hagkerfi.

Landssamtök skógareigenda eru ávallt tilbúin að veita upplýsingar um allt sem viðkemur nytjaskógrækt og úrvinnslu skógarafurða.

F.h. Landssamtaka skógareigenda

Björn Bjarndal Jónsson
framkvæmdastjóri LSE

heimasíða: www.skogarbendur.is
netfang: bjorn@sudskogur.is
sími: 899 9302